

Samþykkt

120
2. sept.

um Lendingarsjóð í Stokkseyrarveiðistöð.

1. gr.

Af bátum alt að 15 smálestum, er ganga til fiskiveiða í Stokkseyrarveiðistöð, skal greiða í Lendingarsjóð 1 kr. 50 au. af hverjum vetrarvertíðarhlut.

2. gr.

Hreppstjóri innheimtir gjald þetta; greiðir formaður það í peningum af óskiftum aflu fyrir 1. maí ár hvert. Innheimtumaður fær 2% í innheimtulaun. Taka má gjald þetta lögtaki, sje það eigi greitt á rjettum tíma.

3. gr.

Hreppstjóri semur skýrslu yfir alla þá, er gjald þetta eiga að greiða, og sendir hana oddvita sýslunefndar ásamt gjaldinu fyrir 15. júlí ár hvert.

4. gr.

Gjaldið skal ávaxtað í sjerstökum sjóði, er nefnist Lendingarsjóður Stokkseyrarveiðistöðu. Annast sýslunefndin um, að sjóðurinn sje ávaxtaður á sem tryggastan og haganlegastan hátt.

5. gr.

Fje sjóðsins skal varið til að bæta leiðir, leiðarmerki og lendingu í Stokkseyrarveiðistöð.

Sýslumaður i umboði sýslunefndar ákveður, eftir tillögum nefndar, er formenn í veiðistöðinni kjósa á ári hverju til að hafa umsjón með leiðum, leiðarmerkjum og lendingu á samþyktaarsvæðinu, hvenær byrjað skuli að veita fje úr sjóðnum til lendingarbóta og hve mikið skuli veitt í hvert sinn.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Árnassýslu hefir gert, samkvæmt lögum nr. 28, 4. des. 1877, nr. 52, 20. des. 1901, nr. 53, 10. nóv. 1905, nr. 28, 11. júlí 1911 og nr. 27, 22. okt. 1912, og hjeraðsfundur fallist á, er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 2. september 1916.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.